

Tákn með tali - Tmt



Hvað er Tákn með tali?

Tákn með tali (Tmt) er tjáningarform ætlaði heyrandi einstaklingum sem eiga við mál - og talörðugleika að stríða og byggir á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Tmt örvar málvitund og málskilning og eykur færni í samskiptum.

Hvenær á að byrja notkun Tmt?

Mikilvægt er að hefja notkun Tákn með tali sem fyrst og aldrei of seint að byrjar ef við finnum að barn á erfitt með málskilning eða máltjáningu. Með auknum framförum barnsins í orðaforða, málskilning og máltjáningu hættir það notkun tákna.

Eðlileg þróun er að barn minnki það talmál sem nú þegar er komið þegar það lærir tákni, það meðtekur tákni og leggur aukna áherslu á þau en með tíð og tíma kemur sá orðaforði sem kominn var aftur.



Gagnlegar heimasíður

[Tákn með tali \(tmt.is\)](http://tmt.is)

Á þessari síðu er hægt að sjá hvernig hvert tákni er framkvæmt

[Útgefið efni | Menntamálastofnun \(mms.is\)](http://mms.is)

Á þessari síðu má finna orðabók Tmt, fræðslu um Tmt, leiki og app til að setja upp í síma eða spjaldtölvu.

Samspil hreyfinga og talmáls

Aðferð TMT byggir á einföldum hreyfitáknum sem eru notuð á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Táknin eru ávallt notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð setninga táknuð, þau geta verið eitt eða fleiri í hverri setningu. Við þessa framkvæmd talar sá fullorðni hægar og verður um leið skýrari í tali.

Með því að nota tákni samhliða tali eru orðin gerð sýnileg. Mörg börn sem nýta sér Tmt eiga auðveldu með að læra og tileinka sér ný orð og hugök og sjá mun á líkum orðum.

Fyrir ung börn er auðveldara að útfæra tákni með höndunum heldur en að segja orð, það er því líklegra að barnið geti gert sig skiljanlegra með tákni frekar en töluðu máli. Mikilvægt er að halda augnsbandi við barn á meðan við tölum við það.

Val á táknum

Hvað varðar val á táknum er gott að líta til þess hvar aldur, þroski og áhugasvið barnsins liggur ásamt því að hafa í huga hvaða tákni barnið hefur mest gagn af í upphafi.

Það læra börn sem fyrir þeim er haft

Mikilvægt er að sem flestir sem tengdir eru barninu noti tákni með tali, mikil örvun og endurtekning í ólíkum aðstæðum gerir barnið öruggara í að nota tákni.